

30. september 2020



Starfsreglur stjórnar Íslandsbanka

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is



Starfsreglur stjórnar Íslandsbanka
Kópavogur, 30. september 2020
Stjórn Íslandsbanka hf.

Hallgrímur Snorrason
Stjórnarformaður

Anna Pórðardóttir

Árni Stefánsson

Flóki Halldórsson

Frosti Ólafsson

Guðrún Þorgeirsdóttir

Heiðrún Jónsdóttir



Efnisyfirlit

1.	Almennt	4
2.	Skipan stjórnar	4
3.	Sjálfstæði stjórnarmanna	4
4.	Hlutverk stjórnar	4
5.	Sérstök upplýsingagjöf til stjórnar og skilgreining mikilvægra áhættuþátta	7
6.	Hæfi og skyldur stjórnarmanna	7
7.	Trúnaður og þagnarskylda	8
8.	Hlutverk stjórnarformanns	9
9.	Hlutverk bankastjóra	10
10.	Boðun funda stjórnar	10
11.	Fundir stjórnar	11
12.	Afgreiðsla mála	11
13.	Meðferð fundargagna.....	11
14.	Fundargerðir stjórnar	11
15.	Sérstakt hæfi	12
16.	Venslaðir aðilar	13
17.	Viðskiptaerindi tengdra aðila	13
18.	Þátttaka bankastjóra og innri endurskoðanda í atvinnurekstri.....	14
19.	Árangursmat stjórnar	14
20.	Sjálfsmat stjórnar, kortlagning þekkingar og fræðsluáætlun.....	15
21.	Leiðsögn og fræðsla stjórnarmanna.....	15
22.	Undirnefndir stjórnar	15
23.	Stjórnarmenn í dótturfélögum	16
24.	Varsla og meðferð starfsreglna	16



Yfirlit yfir útgáfu

Útgáfa	Breytingar	Breytt af	Dagsetning	Skoðað/samþykkt af	Dagsetning
8.0	Áttunda útgáfa til samþykkis	Dagmar Clausen Þórðardóttir	22.9.2020	Stjórn Íslandsbanka	30.9.2020
7.0	Sjöunda útgáfa til samþykkis	Dagmar Clausen Þórðardóttir	30.10.2019	Stjórn Íslandsbanka	19.11.2019
6.0	Sjötta útgáfa til samþykkis	Dagmar Clausen Þórðardóttir	20.08.2018	Stjórn Íslandsbanka	22.08.2018
5.0	Fimmta útgáfa til samþykkis	Tómas Sigurðsson / Dagmar Clausen Þórðardóttir	30.12.2016	Stjórn Íslandsbanka	12.1.2017
4.0	Fjórða útgáfa til samþykkis	Tómas Sigurðsson / Dagmar Clausen Þórðardóttir	2.11.2016	Stjórn Íslandsbanka	8.11.2016
3.0	Þriðja útgáfa til samþykkis	Tómas Sigurðsson / Anna Þóra Prastardóttir	5.11.2015	Stjórn Íslandsbanka	11.11.2015
2.0	Önnur útgáfa til samþykkis	Tómas Sigurðsson / Dagmar Clausen Þórðardóttir	27.08.2013	Stjórn Íslandsbanka	27.08.2013
1.0	Fyrsta útgáfa til samþykkis	Tómas Sigurðsson / Árni Huldar Sveinbjörnsson	27.06.2012	Stjórn Íslandsbanka	27.06.2012



1. Almennt

- 1.1. Reglur þessar eru settar á grundvelli 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 1.2. Starfsreglur stjórnar eru fánlegar í enskri þýðingu. Ef ósamræmis gætir skal íslensk útgáfa reglnanna gilda.

2. Skipan stjórnar

- 2.1. Í samræmi við samþykktir bankans skal stjórn kosin til eins árs í senn.
- 2.2. Formaður stjórnar er kosinn sérstaklega á hluthafafundi í samræmi við samþykktir bankans. Stjórn skal kjósa sér varaformann. Formaður stjórnar stýrir kjöri varaformanns. Einfeldur meirihluti ræður kosningu í stöðu varaformanns. Nú falla atkvæði jöfn og skal atkvæði formanns stjórnar ráða úrslitum. Formaður stjórnar kemur fram út á við fyrir hönd stjórnar bankans, en í fjarveru hans varaformaður stjórnarinnar.
- 2.3. Bresti stjórnarmann hæfi til að sinna stjórnarsetu skal hann víkja og varamaður taka sæti hans. Varamaður heldur sæti sínu til næsta aðalfundar bankans.
- 2.4. Kjósi stjórnarmaður að hætta störfum í stjórn skal hann tilkynna stjórn bankans skriflega um afsögn sína. Ef ósætti innan stjórnar er ástæða afsagnar skal hann tilgreina það sérstaklega.

3. Sjálfstæði stjórnarmanna

- 3.1. Stjórnin metur sjálf hvort sitjandi stjórnarmaður sé á hverjum tíma óháður félaginu og stórum hluthöfum þess og skýra frá niðurstöðu sinni í ársskýrslu bankans¹. Ef meirihluti stjórnar er ekki óháður bankanum skal vekja sérstaka athygli á því í ársskýrslu bankans.
- 3.2. Til að stjórn sé unnt að meta sjálfstæði stjórnarmanna skulu stjórnarmenn leggja fram allar viðeigandi upplýsingar, ásamt þeim upplýsingum sem stjórn metur nauðsynlegar, til að framkvæma mat á óhæði þeirra. Þá skulu stjórnarmenn tilkynna stjórn, svo fljótt sem auðið er, ef einhverjar þær breytingar verða á högum þeirra sem áhrif geta haft á mat stjórnar á sjálfstæði þeirra.

4. Hlutverk stjórnar

- 4.1. Stjórn bankans fer, samkvæmt lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktum bankans, með æðsta vald í málefnum hans milli hluthafafunda. Stjórn ber að stuðla að viðgangi bankans og langtímaárangri og hafa eftirlit með rekstri bankans í heild og störfum bankastjóra.
- 4.2. Stjórn ber ábyrgð á starfsemi og stefnu bankans, þ.m.t. áhættustefnu, og gefur bankastjóra fyrirmæli um útfærslu og framkvæmd hennar.
- 4.3. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemi hans gilda, góða viðskipta- og stjórnarhætti og þær reglur sem stjórn hefur sett um starfsemi bankans.
- 4.4. Stjórn ber ábyrgð á að stjórnarhættir og innra stjórnskipulag stuðli að skilvirkri og varfærinni stjórn bankans. Stjórn ber jafnframt ábyrgð á viðeigandi aðskilnaði starfssviða og skal koma í veg fyrir hagsmunaárekstra á þann hátt að tekið sé tillit til hagsmuna viðskiptavina og trúverðugleika fjármálamarkaðarins.
- 4.5. Stjórn skal koma á og viðhalda skýru innra stjórnskipulagi og umgjörð innra eftirlits sem hæfir uppbyggingu og innviðum bankans á samstæðugrundvelli, starfsemi bankans og þeim áhættuþáttum sem kunna að steðja að starfsemi. Við mótun stjórnskipulagsins skal taka tillit til viðeigandi krafna laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða sáttá um sjálfstæði og stjórnunarlegan aðskilnað dótturfélaga.

¹ Sjá nánar 2.3 kafla [Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 5. útgáfu.](#)



- 4.6. Ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar falla undir verksvið stjórnar. Stefna bankans um góða stjórnarhætti og ákvarðanatökulykill skilgreinir ákvarðanir í starfsemi bankans sem teljast mikilsháttar og falla undir verksvið stjórnar.
- 4.7. Stjórn skal almennt ekki taka þátt í ákvörðun um einstök viðskipti bankans nema umfang viðskiptanna sé verulegt miðað við efnahag bankans eða sérstaklega sé kveðið á um annað í reglum bankans sem stjórn hefur sett.
- 4.8. Stjórn skal hafa forystu, ásamt bankastjóra, um stefnumótun, gerð viðskiptaáætlunar, markmiðasetningu og skilgreiningu áhættuviðmiða bankans, bæði til skemmri og lengri tíma.
- 4.9. Stjórn leggur áherslu á sjálfbært viðskiptalíkan sem tekur tillit til allra áhættuþátta, þar á meðal þeirra sem varða umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti, og samþykkir sjálfbærnistefnu fyrir bankann.
- 4.10. Stjórn skal, að tillögu bankastjóra, samþykkja fjárhagsáætlun fyrir bankann árlega og ársfjórðungslega leggja mat á rekstur bankans. Stjórn skal samþykkja uppgjör bankans fyrir hvern ársfjórðung.
- 4.11. Stjórn hefur með höndum ráðningu og uppsögn bankastjóra og ákveður kjör hans.
- 4.12. Stjórn skal, eigi sjaldnar en árlega, meta störf og hæfni bankastjóra.
- 4.13. Stjórn samþykkir, að tillögu bankastjóra, hver skuli vera staðgengill bankastjóra.
- 4.14. Stjórn staðfestir ráðningu og uppsögn regluvarðar að tillögu bankastjóra, sem heyrir beint undir bankastjóra, og erindisbréf hans.
- 4.15. Stjórn staðfestir ráðningu og uppsögn framkvæmdarstjóra áhættustýringar að tillögu bankastjóra, sem heyrir beint undir bankastjóra.
- 4.16. Stjórn ræður innri endurskoðanda sem heyrir beint undir stjórn, ákveður kjör hans og erindisbréf.
- 4.17. Stjórn skal sjá til þess að framkvæmdastjóri áhættustýringar, innri endurskoðandi og regluvörður hafi nægilegt sjálfstæði til þess að geta óháð sinnt starfi sínu af kostgæfni og hafi beinan aðgang að stjórn.
- 4.18. Stjórn skilgreinir á hverjum tíma hvaða starfsmenn teljast til lykilstarfsmanna í skilningi laga um fjármálafyrirtæki.
- 4.19. Stjórn skal setja viðmið um hverja skuli setja á lista yfir fruminnherja skv. lögum um verðbréfavíðskipti. Þá skal stjórn einnig setja viðmið um hvaða fruminnherjar skuli teljast til stjórnenda útgefanda vegna birtingar upplýsinga um viðskipti stjórnenda.
- 4.20. Stjórn skal hafa yfirsýn og eftirlit með því að ákvarðanir og aðgerðir bankastjóra séu í samræmi við stefnu og ákvarðanir stjórnar.
- 4.21. Stjórn skal hafa eftirlit með innleiðingu þeirra stefna sem stjórn setur, endurskoða þær reglulega og gera viðeigandi úrbætur á ágöllum sem í ljós kunna að koma. Ennfremur skal stjórn hafa yfirsýn og eftirlit með því að stefna bankans, stjórnskipulag og stefnuskiöl bankans sem mynda umgjörð bankans um áhættustýringu og innra eftirlit, og stefna bankans um upplýsingagjöf og samskipti, séu innleiddar af samkvæmni.
- 4.22. Stjórn, og bankastjóri, skulu reglulega leggja mat á mat á tegund, dreifingu og fjárhæð eiginfjárþarfar fyrirtækisins með hliðsjón af áhættustigi og sjá til þess að til staðar séu viðeigandi viðbragðs- og endurbótaáætlanir í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki.
- 4.23. Stjórn setur markmið bankans í lausafjárstýringu og hefur eftirlit með innleiðingu þeirra.
- 4.24. Stjórn skal hafa eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum bankans og að innri endurskoðun, regluvörslu, áhættustýringu og innra eftirliti sé sinnt.
- 4.25. Stjórn skal tryggja tilhlýðilegt eftirlit með áreiðanleika fjárhagsupplýsinga og reikningsskila, og umgjörð innra eftirlits, þ. á m. skilvirkrar og varfærinnar áhættustýringar.



- 4.26. Stjórn skal samþykkja stefnu um góða stjórnarhætti fyrir bankann sem felur í sér skuldbindingu bankans um að hlíta viðeigandi reglum um stjórnarhætti, s.s. kröfum laga, leiðbeininga um stjórnarhætti og annarra viðeigandi reglna og tilmæla frá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir FME SÍ) og koma á fót kerfi um skilvirkt eftirlit með fylgni við hana.
- 4.27. Stjórn skal hafa eftirlit með og meta skilvirkni innra stjórnskipulags og innri stjórnarháttá bankans árlega og leggja við slíkt mat áherslu á hverskonar breytingar á innri og ytri áhrifaþáttum í starfsemi bankans og gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta.
- 4.28. Stjórn samþykkir stefnu um hlítningarháttu fyrir bankann og skal sjá til þess að viðeigandi innri reglur, ferlar, kerfi og verklag sé til staðar til að lágmarka hlítningarháttu í starfsemi bankans.
- 4.29. Stjórn skal hafa yfirsýn yfir starfskjarastefnu bankans, samþykkja hana og leggja hana árlega til við hluthafafund og hafa með henni eftirlit.
- 4.30. Stjórn skal stuðla að fagmennsku og góðu siðferði innan bankans. Stjórn samþykkir siðareglur og stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrir bankann.
- 4.31. Stjórn samþykkir stefnu bankans um ráðstafanir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 4.32. Stjórn samþykkir stefnu bankans um mat á hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna.
- 4.33. Stjórn samþykkir stefnu bankans um hagsmunaárekstra og reglur bankans um meðferð gruns um misferli.
- 4.34. Stjórn samþykkir stefnu bankans um nýbreytni á fjármálamarkaði og samþykkt nýrra vara og útvistunarstefnu bankans.
- 4.35. Stjórn samþykkir stefnu bankans um upplýsingagjöf og samskipti við utanaðkomandi hagsmunaaðila og eftirlitsaðila.
- 4.36. Stjórn samþykkir endurbótaáætlun fyrir bankann.
- 4.37. Stjórn samþykkir stefnu bankans um upplýsingatækni og öryggi.
- 4.38. Stjórn skal hafa virkt eftirlit með viðbrögðum við athugasemdum og ábendingum frá eftirlitsaðilum, áhættustýringu og innri og ytri endurskoðendum bankans.
- 4.39. Stjórn samþykkir starfsáætlun innri endurskoðunar.
- 4.40. Stjórn skal vera leiðandi í þróun og innleiðingu heildstæðrar fyrirtækja- og áhættumenningar sem stuðlar að heilindum, góðu siðferði og fylgni við lög og reglur innan bankans.
- 4.41. Stjórn skal tryggja tilhlýðilegt eftirlit og reglubundið mat á áhrifum áhættumenningar bankans á fjárhagslegan stöðugleika, áhættusnið og stjórnarhætti bankans.
- 4.42. Stjórn samþykkir áhættustefnu, yfirlýsingu bankans um áhættuvilja og framkvæmd áhættustýringar og skal tryggja að innri ferlar og umgjörð vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega.
- 4.43. Stjórn skal verja hæfilegum tíma í að fjalla um helstu áhættuþætti í starfsemi bankans. Jafnframt skal stjórn tryggja að nægilegum fjármunum og tíma sé varið í virka áhættustýringu og áhættumat þannig að innan bankans sé yfirsýn yfir helstu áhættuþætti.
- 4.44. Stjórn skal eftir atvikum, hafa eftirlit með mati á eignum bankans, notkun innri líkana og notkun mats frá lánshæfisfyrirtækjum.
- 4.45. Stjórn skal a.m.k. árlega skilgreina þá áhættuþætti sem félagið þarf að takast á við, þ.á m. eðli þeirra og umfang. Stjórn skal einnig skilgreina viðbrögð við þeirri áhættu sem um ræðir.



5. Sérstök upplýsingagjöf til stjórnar og skilgreining mikilvægra áhættuþátta

- 5.1. Stjórn skal á hverjum tíma fá viðeigandi upplýsingar, m.t.t. hlutverks og ábyrgðar stjórnar, um heildarstarfsemi bankans, fjárhagslega stöðu hans og áhættu í starfseminni, að teknu tilliti til efnahagsumhverfis bankans, og um ákvarðanir sem hafa mikil áhrif á starfsemi bankans.
- 5.2. Eftirfarandi upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur bankans skal m.a. leggja fyrir stjórn:
 - 5.2.1. Reglulega skal leggja fram og kynna skýrslu um rekstur bankans.
 - 5.2.2. Könnuð þriggja, sex og níu mánaða uppgjör fyrir samstæðu bankans skulu lögð fyrir stjórn eigi síðar en 2 mánuðum frá lokum hvers uppgjörstímabils. Endurskoðuðu uppgjöri bankans skal lokið fyrir lok febrúar hvers árs. Fulltrúum endurskoðunarfélags bankans skal bjóða á kynningu endurskoðaðra eða kannaðra uppgjöra.
 - 5.2.3. Leggja skal fram upplýsingar um rekstur einstakra sviða bankans, eins og þau eru skilgreind á hverjum tíma í skipuriti bankans, þannig að tryggt sé að farið sé yfir starfsemi tekjusviða eigi sjaldnar en árlega.
 - 5.2.4. Innri endurskoðandi bankans skal skila skriflegri skýrslu um starfsemi sína a.m.k. tvisvar á ári.
 - 5.2.5. Regluvarsla skal skila skriflegri skýrslu til stjórnar um starfsemi sína a.m.k. tvisvar á ári.
 - 5.2.6. Rekstraráætlun fyrir komandi rekstrarár bankans skal lögð fyrir stjórn á síðasta ársfjórðungi hvers árs.
- 5.3. Þá skulu stjórnarmenn eiga rétt á öllum upplýsingum er varða rekstur bankans sem þeir telja nauðsynlegar til að rækja störf sín, þó þannig að stjórnarmenn skulu ekki hafa aðgang að upplýsingum er snerta hag einstakra viðskiptamanna bankans. Stjórn skal þó fá almenn yfirlit um útlán og vanskil í samræmi við reglur stjórnar um slíka upplýsingagjöf.
- 5.4. Fyrirspurnir stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptamenn skulu bornar upp á stjórnarfundi. Einstökum stjórnarmönnum skal ekki heimilt að hafa samband við starfsmenn bankans í því skyni að afla sér upplýsinga, nema stjórn eða bankastjóri ákveði annað. Svör við fyrirspurnum skulu kynnt stjórnarmönnum og bókuð í fundargerð.
- 5.5. Upplýsingar skal að jafnaði leggja fram fyrir stjórn með skriflegum hætti nema stjórn samþykki annað. Upplýsingar sem stjórn kann að óska eftir aðgangi að skal leggja fyrir eða kynna stjórn svo fljótt sem auðið er frá því að beiðni kemur fram um upplýsingar. Stjórn tekur að öðru leyti afstöðu til túlkunar á upplýsingagjöfinni.

6. Hæfi og skyldur stjórnarmanna

- 6.1. Stjórnarmenn skulu kynna sér lög og reglur er um starfsemina gilda, og hafa skilning á hlutverki og ábyrgð sinni sem stjórnarmenn. Þeir skulu hver um sig og saman búa yfir nægilegri þekkingu, reynslu og hæfni til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt allan skipunartíma sinn, og nýta sér í þeim tilgangi viðeigandi þjálfun.
- 6.2. Stjórnarmenn skulu þekkja og skilja innviði og uppbyggingu bankans og tryggja að þeir samræmist samþykkttri viðskiptastefnu og áhættusniði hans. Stjórnarmenn skulu óska eftir og kynna sér öll gögn og upplýsingar sem þeir telja sig þurfa til að hafa skilning á starfsemi bankans og taka upplýstar ákvarðanir.
- 6.3. Stjórnarmenn skulu hafa gott orðspor, starfa af heiðarleika og heilindum og gæta að öðru leyti að hæfi sínu í samræmi við stefnu bankans um mat á hæfi stjórnar, bankastjóra og lykilstarfsmanna. Jafnframt skulu stjórnarmenn taka ígrundaðar ákvarðanir og vera nægilega sjálfstæðir til að leggja óhlutdrægt mat á málefni félagsins og ákvarðanir bankastjóra.
- 6.4. Stjórnarmenn skulu verja nægum tíma til stjórnarstarfa og sinna því af kostgæfni. Jafnframt skulu stjórnarmenn stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar.



- 6.5. Stjórnarmenn skulu þekkja og virða takmarkanir laga um fjármálafyrirtæki á öðrum störfum stjórnarmanna samhliða setu í stjórn bankans.
- 6.6. Stjórn skal árlega skilgreina lykilverkefni á komandi starfsári, markmið og stefnu bankans og gera starfsáætlun um störf sín.
- 6.7. Til að geta rækt störf sín af kostgæfni skal stjórn vera heimilt að kaupa sérfræðiaðstoð frá óháðum ráðgjöfum á kostnað bankans þegar hún telur tilefni til. Stjórn skal ganga úr skugga um að slíkir ráðgjafar séu óháðir bankanum og daglegum stjórnendum hans.
- 6.8. Störf stjórnar bankans skulu fara fram með þeim hætti að samkeppnislegt sjálfstæði bankans sé tryggt gagnvart öðrum viðskiptaböndum í eigu íslenska ríkisins í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 og ákvæði sáttar annars vegar Bankasýslu ríkisins, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Landsbankans hf. og Íslandsbanka hf. og hins vegar Samkeppniseftirlitsins dagsetta 11. mars 2016, nr. 9/2016.
- 6.9. Stjórnarmenn skulu sjá til þess að hagsmunum hluthafa í bankanum og jafnræðis milli þeirra sé gætt, upplýsingagjöf til þeirra og annarra hagsmunaaðila sé viðeigandi og lögum samkvæmt.
- 6.10. Stjórnarmenn skulu greina og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra sem tengjast þeim sjálfum og tilkynna til stjórnar og regluvarðar um hvers konar tengsl þeirra, fyrrum eða yfirstandandi, persónuleg, pólitísk eða fagleg, sem eru til þess fallin að skapa hagsmunaárekstra í starfi stjórnarinnar. Komi til hagsmunaárekstra eða mögulegra hagsmunaárekstra í starfi stjórnarinnar, hvort heldur sem er hjá einstökum stjórnarmanni eða stjórnar sem heild, skal það tilkynnt til stjórnar og regluvarðar, rætt innan stjórnar og bókað í fundargerð til hvaða aðgerða skuli gripið vegna málsins.
- 6.11. Einstakir stjórnarmenn skulu ekki hafa afskipti af ákvörðunum um einstök viðskipti.
- 6.12. Viðskipti stjórnarmanna með fjármálagerninga eru ekki bundin milligöngu bankans. Stjórnarmenn skulu haga viðskiptum sínum þannig að þau séu ekki á nokkurn hátt tortryggileg eða til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika eða skaða orðstír þeirra og/eða bankans. Óski stjórnarmenn eftir þjónustu bankans við kaup og sölu fjármálagerninga skulu viðskipti þeirra afgreidd með sama hætti og viðskipti annarra viðskiptavina.
- 6.13. Stjórnarmönnum og aðilum þeim tengdum ber að tilkynna tafarlaust til Regluvörslu bankans um viðskipti með fjármálagerninga félags, með fjárhagslega hagsmuni á Íslandi, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði jafnt hér á landi og/eða erlendis. Tilkynningar skulu sendar á netfangið verdbrefakaup@islandsbanki.is.
- 6.14. Framangreind tilkynningarskylda gildir ekki um eigin verðbréfavíðskipti stjórnarmanna sem framkvæmd eru í eignastýringu eða viðskipti með hlutdeildarskírteini verðbréfa- eða fjárfestingarsjóða sem uppfylla skilyrði laga þar um, að því tilskildu að hlutaðeigandi stjórnarmaður taki ekki þátt í stjórn viðkomandi sjóðs.

7. Trúnaður og þagnarskylda

- 7.1. Stjórnarmenn eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðað getur viðskipta- eða einkamálefni einstakra viðskiptamanna bankans. Á stjórnarmönnum hvílir jafnframt þagnarskylda um málefni bankans og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um starfs síns vegna og leynt skulu fara samkvæmt. lögum, samþykktum bankans eða eðli máls, nema það sé skýr lagaskylda að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.
- 7.2. Stjórnarmenn skulu ekki fjalla opinberlega um umræður, ákvarðanir og afgreiðslur einstakra mála hjá stjórn nema slíkt sé sérstaklega samþykkt af stjórn eða skylt sé að birta niðurstöður fundar vegna skráningar fjármálagerninga bankans á skipulegum verðbréfamarkaði.



8. Hlutverk stjórnarformanns

- 8.1. Stjórnarformaður ber ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti ásamt því að sinna leiðbeiningarhlutverki.
- 8.2. Stjórnarformaður skal ekki taka að sér önnur störf fyrir bankann en þau sem teljast eðlilegur hluti af störfum hans sem formaður stjórnar.
- 8.3. Helstu verkefni stjórnarformanns eru eftirfarandi:
 - 8.3.1. Stuðla að því að starfshættir stjórnar séu í samræmi við viðeigandi lög, reglur og góða stjórnarhætti, að stjórn séu búnar góðar starfsaðstæður og stuðla að góðum starfsanda innan stjórnarinnar;
 - 8.3.2. Að boða til stjórnarfunda;
 - 8.3.3. Að semja dagskrá stjórnarfunda, í samráði við bankastjóra og varaformann og sjá til þess að hún sé send út tímanlega fyrir hvern stjórnarfund. Formaður skal verða við beiðni stjórnarmanns að taka tiltekið málefni á dagskrá, enda berist sú beiðni tímanlega;
 - 8.3.4. Að sjá til þess að lögbundin og stefnumarkandi verkefni stjórnar séu höfð í forgangi;
 - 8.3.5. Að stýra stjórnarfundum og sjá til þess að nægur tími sé gefinn til umræðna og ákvarðanatöku, sérstaklega hvað varðar stór og flókin mál;
 - 8.3.6. Að stuðla að virkri þátttöku allra stjórnarmanna í umræðu og ákvarðanatöku;
 - 8.3.7. Að sjá til þess að ákvarðanir stjórnar séu teknar á traustum og upplýstum grunni og hvetja til opinna og gagnrýnna umræðu í tengslum við ákvarðanatöku;
 - 8.3.8. Að stuðla að góðum samskiptum milli bankastjóra, og eftir atvikum annarra framkvæmdastjóra bankans, og stjórnar bankans;
 - 8.3.9. Að bera ábyrgð á samskiptum stjórnar við hluthafa bankans og að upplýsa stjórnina um sjónarmið hluthafa;
 - 8.3.10. Að vera talsmaður stjórnar gagnvart fjölmiðlum, hluthöfum og öðrum hagsmunaaðilum;
 - 8.3.11. Að sjá til þess að stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum og málefnum bankans í samræmi við 21. grein starfsreglna þessara;
 - 8.3.12. Að eiga frumkvæði að því að búa til starfsreglur stjórnar og sjá til þess að þær séu yfirfarnar og endurskoðaðar árlega, í samræmi við 24.2 grein þessa reglna;
 - 8.3.13. Að sjá til þess að árlegt mat á innri stjórnarháttum bankans fari fram, í samræmi við 4.26 grein þessara reglna;
 - 8.3.14. Að sjá til þess að stjórnin fái með reglubundnum hætti viðeigandi og skýrar upplýsingar og gögn um bankann;
 - 8.3.15. Að sjá til þess að stjórnin meti árlega störf sín og undirnefnda;
 - 8.3.16. Að upplýsa bankastjóra um niðurstöður mats stjórnar á frammistöðu hans og leggja á ráðin með honum um mögulegar úrbætur;
 - 8.3.17. Að fylgjast með framvindu ákvarðana stjórnarinnar innan bankans og staðfesta innleiðingu þeirra gagnvart stjórn; og
 - 8.3.18. Að leggja fram tillögu að árlegri starfsáætlun um fundi stjórnar til eins árs í senn.



9. Hlutverk bankastjóra

- 9.1. Bankastjóri skal annast daglegan rekstur bankans og skal í þeim efnum fara eftir stefnu og fyrirmælum sem stjórn hefur gefið. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar.
- 9.2. Bankastjóri fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum bankans í samræmi við stefnu, markmið, áhættuvilja og mörk samkvæmt ákvörðunum stjórnar.
- 9.3. Bankastjóri skal sjá til þess að rekstur bankans sé í samræmi við stefnu bankans, viðeigandi löggjöf, samþykktir bankans og ákvarðanir stjórnar á hverjum tíma.
- 9.4. Bankastjóri skal stofna framkvæmdastjórn og aðrar lykilnefndir eða undirnefndir sem taka eða ráðleggja við lykilákvæðanir í rekstri bankans. Bankastjóri skal skipa í framkvæmdastjórn og aðrar lykilnefndir. Bankastjóri skal upplýsa stjórn um skipan lykilnefnda á hverjum tíma. Bankastjóri ræður starfsfólk bankans.
- 9.5. Bankastjóri skal leggja gagnrýnið mat á tillögur, skýringar og upplýsingar sem fyrir hann eru lagðar við ákvarðanatöku.
- 9.6. Bankastjóri skal árlega gera áætlun um eftirmenn lykilstarfsmanna (e. succession planning) og kynna fyrir stjórn ásamt mati sínu á frammistöðu einstakra lykilstarfsmanna. Lykilstarfsmenn bankans skulu að jafnaði ekki sitja fundi stjórnar meðan mat er lagt á störf þeirra.
- 9.7. Bankastjóri skal sjá til þess að stjórnarmenn fái reglulega viðeigandi upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins svo að þeir geti sinnt störfum sínum.
- 9.8. Bankastjóri skal á reglulegum fundum stjórnar gera grein fyrir helstu atriðum í starfsemi bankans, stefnumótun og upplýsa um hvernig ákvörðunum stjórnar hefur verið framfylgt.
- 9.9. Bankastjóri skal án tafar, þegar nauðsyn krefur, gefa stjórn viðeigandi upplýsingar um hverskonar atvik eða aðstæður sem upp koma í rekstri bankans og geta haft áhrif á mikilvægar ákvarðanir og áhættu í starfsemi bankans.
- 9.10. Bankastjóri gerir tillögu til stjórnar að viðskipta- og fjárhagsáætlun fyrir hvert fjárhagsár og hefur eftirlit með innleiðingu og virkni stefnu stjórnar í starfsemi bankans.
- 9.11. Bankastjóri skal sjá til þess að athugasemdir og ábendingar frá innri og ytri eftirlitsaðilum, áhættustýringu og innri og ytri endurskoðendum bankans fái viðeigandi athygli hjá stjórn og stjórnendum og samræmt, skilvirkt og skjalfest verklag við eftirfylgni úrbótakrafna sé viðhaft.
- 9.12. Bankastjóri skal innleiða fyrirtækja- og áhættumeningu innan bankans í samræmi við grein 4.37. starfsreglna þessara og stuðla þannig að því að allir starfsmenn hafi þekkingu og skilning á sínu hlutverki vegna þeirra áhættuþátta sem bankinn stendur frammi fyrir og hvernig þeim er stýrt.

10. Boðun funda stjórnar

- 10.1. Formaður stjórnar, eða bankastjóri í umboði formanns, boðar fundi stjórnar. Að jafnaði skal boða til stjórnarfundar með þriggja daga fyrirvara. Formaður stjórnar má boða stjórnarfundi með skemmri fyrirvara telji hann það nauðsynlegt. Nú kemur fram beiðni frá stjórnarmanni eða bankastjóra um boðun fundar og skal þá fund halda svo fljótt sem auðið er.
- 10.2. Nú tilkynnir aðalmaður stjórnar forföll og boðar skrifstofa bankastjóra þá varamann ef þörf er á til að tryggja að stjórnin sé ákvörðunarþær.
- 10.3. Dagskrá funda stjórnar ásamt viðeigandi fundargögnum skal að jafnaði senda út til stjórnarmanna a.m.k. þremur dögum fyrir boðaðan fund. Heimilt er að dreifa fundargögnum til stjórnarmanna með rafrænum hætti, s.s. gegnum vefgátt. Bankastjóri undirbýr fundi stjórnar í samráði við formann og varaformann stjórnar. Við dreifingu fundargagna skal tekið tillit til lista yfir venslaða aðila og til þess hvort stjórnarmenn eða aðrir fundargestir séu vanhæfir til umfjöllunar máls á dagskrá. Í þeim tilvikum sem stjórnarmaður eða annar



fundargestur telst vanhæfur til umfjöllunar um tiltekinn dagskrárlið skulu honum ekki afhent fundargögn vegna viðeigandi dagskrárliðar.

- 10.4. Fundir skulu að jafnaði haldnir á starfsstöð bankans nema annað sé sérstaklega ákveðið af formanni stjórnar. Þó er heimilt að halda fundi með aðstoð fjarfundarbúnaðar og gilda almenn ákvæði starfsreglna þessara um slíka fundi nema annars sé þar getið.

11. Fundir stjórnar

- 11.1. Fundur er lögmætur ef fimm stjórnarmenn hið minnsta sækja fund. Það telst lögmæt mæting ef aðalmaður stjórnar eða varamaður hans tekur þátt í fundinum í gegnum síma.
- 11.2. Reglulegir stjórnarfundir eru alla jafna haldnir mánaðarlega, oftast ef stjórn telur tilefni til.
- 11.3. Ytri endurskoðendur eiga rétt á að sitja fundi stjórnar þegar fjallað er um reikningsskil sem þeir árita og geta þar látið í ljós álit á því hvort reikningsskilin og skýrsla stjórnar innihaldi nauðsynlegar og lögboðnar upplýsingar.
- 11.4. Ef ákvörðun stjórnar felur í sér upplýsingar sem kunna að hafa marktæk áhrif á verðmæti fjármálagerninga útgefnunum af bankanum sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulögðum verðbréfamarkaði þá skal bankastjóri upplýsa um slíkt til regluvarðar án tafar.
- 11.5. Bankastjóri situr stjórnarfundi með málfrelsi og tillögurétt. Bankastjóri skal þó víkja af fundi séu persónuleg málefni hans til umræðu eða ef hann er vanhæfur til að fjalla um viðkomandi mál, í samræmi við þær reglur er gilda um sérstakt hæfi stjórnarmanna.
- 11.6. Stjórn ákveður hvort og hvenær aðrir starfsmenn bankans sitja stjórnarfundi. Formaður getur ákveðið að bjóða utanaðkomandi aðilum á stjórnarfundi.

12. Afgreiðsla mála

- 12.1. Formaður stjórnar, og í fjarveru hans varaformaður, stýrir fundum. Í fjarveru formanns og varaformanns stýrir aldursforseti fundum.
- 12.2. Afl atkvæða ræður úrslitum kosninga og afgreiðslu mála á stjórnarfundum. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns, en í fjarveru hans ræður atkvæði varaformanns úrslitum.
- 12.3. Mál skulu almennt ekki borin upp til ákvörðunar á stjórnarfundum nema því aðeins að stjórnarmenn hafi fengið gögn málsins eða fullnægjandi upplýsingar um það fyrir fundinn og haft tíma til að kynna sér efni þess.
- 12.4. Mál til ákvörðunar skulu almennt lögð fyrir stjórn skriflega. Séu mál lögð fram á stjórnarfundi til kynningar getur slík kynning verið munnleg.

13. Meðferð fundargagna

- 13.1. Gögn sem innihalda upplýsingar um viðskiptastöðu einstakra viðskiptamanna bankans skulu að jafnaði ekki send stjórnarmönnum út fyrir bankann, það skal þó heimilt þegar nauðsynlegt er talið og í þeim tilgangi að greiða fyrir ákvarðanatöku í einstaka málum. Bankastjóri og/eða stjórnarformaður getur ákveðið að stjórnarmenn skuli skila fundargögnum um einstök mál. Gögn sem dreift er til stjórnarmanna skulu lögð upp með fundargerð stjórnar.

14. Fundargerðir stjórnar

- 14.1. Stjórn skipar fundarritara sem ritar fundargerðir stjórnar.
- 14.2. Hver sá, er rétt hefur til að sitja fundi stjórnar, hefur rétt til að láta bóka athugasemdir sínar og sérálit í fundargerð vegna málsmeðferðar og afgreiðslu einstakra mála, enda geri viðkomandi skýra grein fyrir þeim skoðunum sínum á fundinum.
- 14.3. Eftirfarandi upplýsingar skulu að lágmarki koma fram í fundargerð:
 - 14.3.1. Nafn bankans og kennitala;



- 14.3.2. Fundarstaður;
 - 14.3.3. Dagsetning fundar og annarra daga í sömu fundarlotu ef við á;
 - 14.3.4. Dagskrá fundar;
 - 14.3.5. Upphafstíma fundar og fundarlok;
 - 14.3.6. Númer stjórnarfundar;
 - 14.3.7. Nafn fundarstjóra og fundarritara;
 - 14.3.8. Nöfn þeirra sem mættir eru á fundinn;
 - 14.3.9. Nöfn og starfsheiti starfsmanna bankans eða gesta sem koma inn á fund, hvenær þeir koma inn á fund stjórnar og hvenær þeir yfirgefa fundinn;
 - 14.3.10. Hvaða gögn lágu fyrir fundinn og hvaða gögn voru afhent eða sýnd á fundinum, skal bókað í upphafi fundargerðar;
 - 14.3.11. Samantekt og niðurstaða dagskrárlíða, þ.e. ákvarðanir samþykktar, þeim frestað eða hafnað, fyrirspurnir eða hverjum er gert að fylgja eftir viðkomandi ákvörðun ef við á ásamt upplýsingum um eftirfylgni við ákvarðanir frá fyrri fundum stjórnar ef við á; og
 - 14.3.12. Blaðsíðutal af fjölda heildarblaðsíðna í fundargerð.
- 14.4. Sérstaklega skal bóka í fundargerð ef stjórnarmaður hefur vikið af fundi vegna þess að hann var ekki hæfur til að fjalla um tiltekið mál, hvaða ástæður liggja að baki vanhæfi í tiltekið sinn, og að hann hafi ekki fengið gögn eða upplýsingar vegna slíks máls, sbr. 15. grein starfsreglna þessara.
 - 14.5. Svör við fyrirspurnum stjórnarmanna um einstök viðskipti eða viðskiptavini, sbr. 5.4 grein starfsreglna þessara, skal bóka í fundargerð.
 - 14.6. Stjórnarmenn sem sitja viðkomandi fund skulu staðfesta fundargerð með undirritun sinni ásamt bankastjóra og fundarritara. Þeir stjórnarmenn sem ekki sitja fund skulu árita fundargerðina um að þeim hafi verið sýnd fundargerðin og sé kunnugt um efni hennar. Staðfesta má fundargerðir með rafrænum hætti.
 - 14.7. Fundargerðum skal ætíð dreift til aðalmanna, auk þeirra varamanna sem sitja viðkomandi fund. Heimilt er að senda fundargerðir til varamanna eftir að þær hafa verið samþykktar, en án trúnaðarupplýsinga svo sem upplýsinga um einstaka viðskiptamenn.
 - 14.8. Fundarritari skal að jafnaði senda fundarmönnum drög að fundargerð til yfirlestrar og athugasemda innan fimm virkra daga frá fundi stjórnar.
 - 14.9. Störf stjórnar skulu almennt fara fram á stjórnarfundum. Komi til samskipta milli stjórnarmanna og/eða milli stjórnarmanna og bankastjóra eða stjórnenda bankans utan skipulagðra stjórnarfunda um málefni er varða fyrirbyggjandi ákvarðanir stjórnar, eða forsendur þeirra, skal upplýst um það við upphaf næsta stjórnarfundar á eftir og skal það bókað í fundargerð.

15. Sérstakt hæfi

- 15.1. Stjórnarmenn skulu víkja af fundi séu þeir vanhæfir til að fjalla um mál.
- 15.2. Einstakir stjórnarmenn eða bankastjóri geta krafist þess að stjórnarmaður taki ekki þátt í umfjöllun um mál og fái ekki afhent gögn vegna slíks máls. Meirihluti stjórnar ákveður hvort stjórnarmaður teljist vanhæfur.
- 15.3. Séu stjórnarmenn vanhæfir til afgreiðslu mála skulu þeir ekki hafa aðgang að þeim gögnum og upplýsingum er varða það mál sem þeir eru vanhæfir til að fjalla um.
- 15.4. Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála er varða viðskipti þeirra sjálfra, fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá eða eru fyrirvarsmenn fyrir eða þar sem þeir eiga verulegra hagsmuna að gæta, nema um sé að ræða hefðbundin



einstaklingsviðskipti á almennum skilmálum. Sama gildir um þáttöku stjórnarmanna í meðferð mála sem tengjast aðilum sem teljast tengdir þeim með öðrum hætti sem er til þess fallinn að skapa hagsmunaárekstra s.s. vegna fjárhagslegra, faglegra, persónulegra eða pólitískra tengsla. Stjórnarmenn skulu ekki taka þátt í meðferð mála sem varða viðskipti samkeppnisaðila stjórnarmanna eða aðila þeim tengdum og stjórnarmenn skulu ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart bankanum.

- 15.5. Stjórnarmenn skulu, er þeir taka sæti í stjórn bankans, senda stjórn lista yfir þá aðila sem þeir tengjast með þeim hætti sem lýst er í ákvæði, 16. greinar hér á eftir. Þá skulu stjórnarmenn tilkynna stjórn bankans ef breytingar verða á listanum. Listi yfir þá aðila sem stjórnarmenn tengjast skal vera aðgengilegur á stjórnarfundum.

16. Venslaðir aðilar

- 16.1. Stjórnarmenn skulu, þegar þeir taka sæti í stjórn bankans, upplýsa stjórn um aðila sem teljast venslaðir þeim, sbr. skilgreiningu reglna FME Sí um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila nr. 247/2017, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, og tilkynna stjórn um allar breytingar sem verða á lista yfir þá aðila sem eru honum venslaðir.
- 16.2. Samkvæmt reglunum eru venslaðir aðilar tengdir aðilar samkvæmt settum reikningsskilareglum, sbr. lög um ársreikninga, þ.m.t. stjórnarmenn, framkvæmdastjóri, lykilstarfsmenn, þeir sem eiga virkan eignarhlut í bankanum, nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og aðilar í nánnum tengslum við framangreinda aðila, sbr. 2. mgr. 29. gr. a laga um fjármálafyrirtæki. Til venslaðra aðila geta einnig talist aðrir aðilar sem FME Sí metur að eigi beinna og skyldra hagsmuna að gæta vegna starfsemi fjármálafyrirtækis.
- 16.3. Með nánnum fjölskyldumeðlimum er átt við maka eða sambúðarmaka, börn, börn maka eða sambúðarmaka og aðila sem eru fjárhagslega háðir aðila eða telja má að þeir verði fyrir áhrifum af ákvörðun hans.
- 16.4. Regluvarsla bankans heldur utan um lista yfir venslaða aðila bankans og viðskipti þeirra. Leggja skal fyrir innri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila eigi sjaldnar en tvisvar á ári, m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu, og upplýsa stjórn þar um.
- 16.5. Árlega skal stjórn fela ytri endurskoðanda að fara yfir fyrirgreiðslur til venslaðra aðila og bera saman við sambærileg viðskipti annarra viðskiptavina og gefa rökstutt álit m.a. með tilliti til kjara, endursamninga og stöðu. Í skýrslu ytri endurskoðanda skal m.a. koma fram um hvaða samanburðaraðila er að ræða í hverju tilviki. Skýrsla ytri endurskoðanda skal send FME Sí eigi síðar en 1. apríl ár hvert vegna liðins fjárhagsárs.

17. Viðskiptaerindi tengdra aðila

- 17.1. Um lán og fyrirgreiðslur til stjórnarmanna, bankastjóra, lykilstarfsmanna og nánna fjölskyldumeðlimum þeirra eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda gilda takmarkanir 29. gr. a í lögum um fjármálafyrirtæki og reglur FME Sí um fyrirgreiðslur fjármálafyrirtækis til venslaðra aðila nr. 247/2017. Framangreindum aðilum skal ekki veita lán eða aðra fyrirgreiðslu nema gegn traustum tryggingum. Samtala láns og annarrar fyrirgreiðslu sem heimilt er að veita hverjum og einum aðila og aðila í nánnum tengslum við hann má hæst vera 200 millj. kr. Viðskipti framangreindra aðila skulu lúta sömu reglum og viðskipti við almenna við almenna viðskiptamenn í sambærilegum viðskiptum.
- 17.2. Bankanum skal vera heimilt að afgreiða einstök viðskiptaerindi í samræmi við gildandi lög, starfs- og lánareglur bankans, þ.m.t. verðbréfi viðskipti, án sérstakrar heimildar stjórnar, enda uppfylli viðskiptin eftirfarandi skilyrði:
 - 17.2.1. Að um sé að ræða viðskipti þar sem viðkomandi aðili hefur gengist undir almenna skilmála vegna tiltekinnar tegundar af viðskiptum,
 - 17.2.2. Að kjör í viðskiptum taki mið af því sem almennt gerist á viðkomandi sviði, og að ekki sé um sérkjör að ræða,



- 17.2.3. Að viðskipti séu afgreidd á sama hátt og önnur sambærileg viðskipti ótengdra aðila.
- 17.2.4. Að viðskipti séu í samræmi við gildandi lög og reglur FME SÍ um fyrirgreiðslur til stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, lykilstarfsmanna eða þeirra sem eiga virkan eignarhlut í því, eða aðila í nánnum tengslum við framangreinda.
- 17.3. Þrátt fyrir að ákveðin viðskipti uppfylli ofangreind skilyrði, er bankastjóra, eða nefndum sem hann skipar, heimilt að vísa þeim viðskiptum til stjórnar sé talin þörf á því.
- 17.4. Viðskiptaerindi stjórnarmanna, bankastjóra, lykilstarfsmanna sem og þeirra fyrirtækja sem þeir eiga beinan eða óbeinan virkan eignarhlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í, og falla ekki undir 17.2 skal leggja fram fyrir stjórn til samþykktar eða synjunar. Við ákvörðun um slík viðskipti skal stjórn taka mið af áhættu bankans vegna slíkra viðskipta og hvort viðskiptin teljist sanngjörn og eðlileg frá sjónarhóli bankans og hluthafa. Ákvarðanir um slík viðskipti skulu skráð í fundargerð.
- 17.5. Bankastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega upplýsa stjórn um öll afgreidd viðskiptaerindi og kjör stjórnarmanna, bankastjóra, lykilstarfsmanna, aðila í nánnum tengslum við þá sem og fyrirtækja sem þeim tengjast.

18. Þátttaka bankastjóra og innri endurskoðanda í atvinnurekstri

- 18.1. Bankastjóri og innri endurskoðandi bankans skulu hvorki eiga sæti í stjórnnum annarra fyrirtækja né taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema með sérstöku leyfi stjórnar. Við þá ákvörðun skal fjalla um ástæður þess að bankastjóri eða innri endurskoðandi taki slíkt sæti og áhrif stjórnarsetunnar á Íslandsbanka. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess.

19. Árangursmat stjórnar

- 19.1. Stjórn skal, eigi sjaldnar en árlega, framkvæma árangursmat stjórnar, þ.e. meta störf sín sem ein heild sem og einstakra stjórnarmanna, verklag og starfshætti, hvort ástæða sé til þess að skipa undirnefndir stjórnar, sem og framgang bankans. Niðurstöður árangursmats skal nota til að bæta störf stjórnar. Stjórn getur í því skyni notið utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar, eftir því sem stjórn metur nauðsynlegt hverju sinni.
- 19.2. Hver og einn stjórnarmaður leggur sjálfstætt mat á árangur stjórnar meðal annars m.t.t. hæfni og reynslu stjórnar til að takast á við skyldur sínar, aðferða til að uppfylla þær skyldur, skilvirkni undirnefnda og ábyrgð þeirra gagnvart stjórn, stefnumörkunar til lengri tíma, fjárhagslegra markmiða og eftirfylgni í rekstrinum, hæfni stjórnenda bankans, hæfni til að takast á við óvænt áföll í rekstri, siðferðilegar og samfélagslegar ábyrgðar, að stoðkerfi bankans séu að þeim gæðum og eiginleikum sem til þurfi til að uppfylla viðeigandi lög og reglur.
- 19.3. Framkvæmd árangursmat stjórnar fer m.a. fram með eftirfarandi hætti:
 - 19.3.1. Hvort starfsreglum stjórnar hafi verið fylgt í hvívetna;
 - 19.3.2. Dagskrá stjórnar fyrir síðastliðið rekstrarár er skoðuð og kannað hvort þau atriði sem sett voru á dagskrá hafi fengið viðeigandi umfjöllun;
 - 19.3.3. Stöðumat tekið á þeim sérstöku áherslum sem stjórn lagði varðandi áhættustýringu og innra eftirlit í bankanum;
 - 19.3.4. Stikkprufur teknar á eftirfylgni tiltekinna afgreiðslna stjórnar;
 - 19.3.5. Erindisbréf undirnefnda stjórnar yfirfarin og því fylgt eftir með skoðun fundargerða undirnefnda að þau atriði sem undirnefnd er falið að sinna hafi verið tekið á dagskrá og fengið viðhlítandi afgreiðslu.
- 19.4. Ekki er um tæmandi talningu að ræða á þeim atriðum sem liggja til grundvallar framkvæmd á árangursmati stjórnar.



20. Sjálfsmat stjórnar, kortlagning þekkingar og fræðsluáætlun

- 20.1. Sjálfsmat stjórnar skal m.a. fela í sér mat á samsetningu stjórnar, á því hvort stjórn bankans, sem og einstaka stjórnarmenn hver um sig, búi yfir nægilegri þekkingu, reynslu og hæfni til þess að sinna starfi sínu á tilhlýðilegan hátt.
- 20.2. Sjálfsmat stjórnar skal vera grundvöllur fræðsluáætlunar stjórnar sem hefur það að markmiði að dýpka þekkingu og hæfni stjórnar á þeim þáttum sem slíkt mat gefur til kynna að megi bæta. Stjórn getur í því skyni notið utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar, eftir því sem stjórn metur nauðsynlegt hverju sinni. Við sjálfsmat skal stjórn leggja mat á styrkleika og veikleika í störfum stjórnar.
- 20.3. Niðurstöður sjálfsmats skal nota til að bæta störf stjórnar. Stjórn getur í því skyni notið utanaðkomandi sérfræðiaðstoðar, eftir því sem stjórn metur nauðsynlegt hverju sinni.

21. Leiðsögn og fræðsla stjórnarmanna

- 21.1. Formaður stjórnar skal tryggja að stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar og málefnum bankans til þess að þekkja og skilja innviði og uppbyggingu bankans m.a. virkni innra eftirlits, helstu áhættuþætti, stefnu bankans, markmið og rekstur í samræmi við Viðauka 1 við starfsreglur þessar um leiðsögn og fræðslu stjórnarmanna.

22. Undirnefndir stjórnar

- 22.1. Stjórn skal koma á og viðhalda viðeigandi skipulagi undirnefnda til þess að styðja við þróun, innleiðingu og eftirlit með viðfangsefnum stjórnar sem teljast mikilvæg, krefjast aukinnar sérþekkingar eða athygli. Stjórn kys nefndarmenn undirnefnda og skipar formenn þeirra. Stjórn skal við skipun nefndarmanna og formanna nefnda taka tillit til þess hvaða sérþekkingar, hæfni og reynslu starf í viðkomandi undirnefnd krefst.
- 22.2. Undirnefndir gegna ekki hlutverki stjórnar og draga ekki úr ábyrgð stjórnar á viðkomandi efnisþætti. Ákvörðunarvald um þau málefni sem undirnefndir stjórnar fjalla liggur ávallt hjá stjórn. Um sérstakt hæfi nefndarmanna gilda sömu reglur og um stjórn. Meirihluti nefndarmanna skal vera óháður bankanum.
- 22.3. Við stofnun undirnefnda skal stjórn setja viðkomandi undirnefnd erindisbréf, þar sem hlutverk og markmið nefndarinnar er skilgreint og þær reglur sem um störf hennar gilda að öðru leyti. Erindisbréf undirnefnda skulu birt á innri og ytri vef bankans.
- 22.4. Stjórn skal kjósa formann undirnefnda sérstaklega. Hlutverk formanns undirnefnda stjórnar er að sjá til þess að viðkomandi nefnd gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti ásamt því að sinna leiðbeiningarhlutverki. Formenn undirnefnda bera einnig ábyrgð á að:
 - 22.4.1. skipuleggja og stjórna fundum viðkomandi nefndar í samvinnu við ritara nefndar,
 - 22.4.2. framfylgja erindisbréfi nefndar;
 - 22.4.3. greina stjórn reglulega frá afgangi mála nefndarinnar;
 - 22.4.4. þróa starfsemi/rekstur og skilvirkni nefndarinnar;
 - 22.4.5. meta störf sín og einstakra nefndarmanna ár hvert og endurskoða erindisbréf nefndarinnar.
- 22.5. Undirnefndir stjórnar skulu tryggja að stjórnarmenn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um helstu störf nefndanna og a.m.k. einu sinni á ári gefa stjórn skýrslu um störf sín. Stjórn skal hafa aðgang að fundargerðum undirnefnda.
- 22.6. Undirnefndir stjórnar eru þrjár:
 - 22.6.1. Endurskoðunarnefnd;



22.6.2. Áhættunefnd;

22.6.3. Stjórnarháttá-, starfskjara- og mannauðsnefnd.

23. Stjórnarmenn í dótturfélögum

- 23.1. Sé 5% af eigin fé bankans eða meira bundið í ákveðnu dóttur- eða hlutdeildarfélagi skal stjórn taka ákvörðun um tilnefningu stjórnarmanns fyrir hönd bankans í stjórn þess en bankastjóra falin framkvæmd þess. Í öðrum tilvikum skal bankastjóri ákveða hvaða aðilar taka sæti í stjórnnum dóttur- og hlutdeildarfélaga bankans. Tilnefningar skulu byggja á faglegu mati.
- 23.2. Bankastjóri skal árlega leggja fyrir stjórn lista yfir stjórnarsetu fyrir hönd bankans.
- 23.3. Við skipan stjórnarmanna í helstu dótturfélög bankans skal taka mið af stefnu bankans um eignarhald í öðrum félögum og þess gætt að kynjahlutfall sé í samræmi við jafnréttislög og jafnréttisstefnu bankans, að teknu tilliti til hæfni þeirra sem til greina koma við slíka skipan.
- 23.4. Stjórnarmenn skulu því aðeins taka sæti í stjórnnum dóttur- eða hlutdeildarfélaga bankans að slíkt sé ákveðið sérstaklega í stjórn og skal þá við slíka ákvörðun jafnframt fjallað um áhrif stjórnarsetunnar á eftirlitshlutverk stjórnarmannsins og nauðsyn þess að stjórnarmaðurinn taki sæti í stjórninni.

24. Varsla og meðferð starfsreglna

- 24.1. Starfsreglum þessum verður ekki breytt nema með samþykki stjórnar.
- 24.2. Starfsreglur þessar skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en árlega.
- 24.3. Stjórn bankans skal senda Fjármálaeftirlitinu afrit af reglum þessum innan tveggja vikna frá því að þær eru settar eða þeim breytt.



Viðauki I

Leiðsögn og fræðsla stjórnarmanna

Stjórnarmenn þurfa að fá nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn í starfsháttum stjórnar, þ. á m. um lögbundnar skyldur þeirra og ábyrgð, og málefnum bankans til þess að þekkja og skilja innviði og uppbyggingu hans þ.á.m. stefnu bankans, áhættusnið, markmið og rekstur.

Nýir stjórnarmenn skulu fá eftirfarandi upplýsingar um bankann:

- Starfsemi bankans.
- Vörur og þjónusta.
- Stefnumótun og viðskiptaáætlun.
- Áhættustýringu, áhættustefnu og viðhorf til áhættu.
- Störf undirnefnda stjórnar.
- Störf og valdsvið bankastjóra.
- Samþykktir bankans.
- Starfsreglur stjórnar.
- Starfsáætlun stjórnar.
- Stefnuskjöl stjórnar.
- Fundargerðir stjórnar síðasta árið.
- Fjárhagslegar upplýsingar.
- Skipurit.
- Yfirlit um gildandi lög og reglur er varða starfsemi bankans.
- Yfirlit yfir gildandi sáttir sem bankinn hefur gert við Samkeppniseftirlitið.
- Endurbótaáætlun bankans.
- Síðasti ársreikningur, árshlutareikningur og ársskýrsla.
- Skýrslur og bréf frá innri og ytri endurskoðendum.

Stjórnarmenn geta óskað eftir fundum með bankastjóra, formanni stjórnar og innri endurskoðanda, og fengið svör við þeim spurningum sem þeir kunna að hafa í tengslum við störf sín í stjórn bankans.

Stjórnarmenn skulu fá kennslu í notkun á og aðgang að vefgátt stjórnar.

Stjórnarmenn geta óskað eftir aðstoð frá regluvörslu bankans vegna hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja.